

GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



AÐALFUNDUR 18. NÓVEMBER 2010





Skýrsla stjórnar GV starfsárið 2009-2010



Stjórn, nefndir og starfsfólk

Á aðalfundi GV 12. nóvember 2009 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn starfsárið 2009-2010 og skipti stjórn svo með sér verkum: Helgi Bragason, formaður, Haraldur Óskarsson, varaformaður, Hörður Óskarsson, gjaldkeri, Ragnar Baldvinsson, ritari og Böðvar Bergþórsson, meðstj. Til vara voru kjörnir Sigurjón Pálsson og Jón Árni Ólafsson

Haldnir voru 15 bókaðir stjórnarfundir og auk þess var fjöldi funda í nefndum, ýmsir vinnufundir vegna sérstakra verkefna og haldið var félagáþing vorið 2010.

Kjörnir endurskoðendur, Gunnar Gunnarsson og Páll Einarsson og til vara Gísli Jónasson.

Fastanefndir voru eftirfarandi og formenn:

Kapleikjanefnd: Jón Árni Ólafsson form.

Vallarnefnd: Ragnar Baldvinsson form

Húsnefnd: Haraldur Óskarsson form.

Aganefnd: Kristján Ólafsson form.

Unglinga og afreksnefnd: Haraldur Óskarsson form.

Markaðs og kynningarnefnd: Helgi Bragason form.

Kvennanefnd: form.

Öldunganefnd: Gunnar Gunnarsson form.

Eftirtaldir gegndu stjórnunarstörfum fyrir GV á starfsárinu:

Framkvæmdastjóri:

Elsa Valgeirsdóttir.

Vallarstjóri:

Örlygur Helgi Grímsson.

Aðstoðarvallarstjóri:

Guðgeir Jónsson

Yfirþjálfari:

Karl Haraldsson

Auk þess starfaði fjöldi annarra starfsmanna hjá klúbbum í ár eða um 20 manns, þar af fjórir unglingar frá vinnuskóla Vestmannaeyjabæjar.

Gunnar Gunnarsson fyrrum formaður GV situr í stjórn GSÍ og er góður tengiliður klúbbsins við sambandið.

Stjórn GV þakkar öllum þeim sem störfuðu fyrir klúbbinn fyrir vel unnin störf.

Mótahald



Eins og undanfarin ár var kappleikjahald á vegum klúbbsins líflegt og var skráð mótahald eftirfarandi:

<u>Tegund</u>	<u>fjöldi móta</u>	<u>heildarfj þátt.</u>	<u>Meðaltal</u>
Sumarmót	15	1.000	67
<u>Lokuð mót/fyrirtæki</u>	<u>3</u>	<u>223</u>	<u>74</u>
Samtals	18	1.223	71

Alls voru því haldin 18 mót í ár, heildarþáttakendafjöldi var 1.223 manns og meðalþátttaka því 71 kylfingar í móti. Er þetta mjög líkt því sem var sumarið 2009 en þá voru 17 mót með sama meðalfjölda kylfinga.

Stærsta einstaka mót sumarsins var Íslandsmótt yngri kylfinga í högggleik sem haldið var í Eyjum dagana 16-18 júlí. Keppendur voru 161 og keppt var í þremur flokkum drengja og þremur flokkum skúlkna. Tólf keppendur voru frá GV og bestum árangri þeirra náði Hallgrímur Júlíusson sem endaði í 2. sæti í aldursflokki drengja 15 – 16 ára, Hallgrímur spilaði hringina þrjá á 217 höggum.

Íslandameistarar í öllum flokkum voru:

Drengjaflokkar: 17-18 ára Guðmundur Ágúst Kristjánsson GR 209 högg (einu höggi undir pari), 15-16 ára Bjarki Pétursson GB og 14 ára og yngri Kristinn Rey Sigurðsson GR

Stúlknaflokkar:

17-18 ára Karen Guðnadóttir GS, 15-16 ára Guðrún Brá Björgvinsdóttir GK og 14 ára og yngri Þórdís Rögnvaldsdóttir GHD.

Önnur Golfsambandsmót eða LEK mót voru eftirfarandi:

22. maí (helgina eftir öskufall) voru haldin hér tvö LEK viðmiðunarmót og voru þáttakendur 78 en öskufallið frá því helgina áður hafði talsverð áhrif á þáttöku, völlinn og aðstæður allar en mótshald gekk ótrúlega vel þrátt fyrir allt.

29. maí var haldið hér fyrsta mótið, Flugfélags Íslands mótið, í Eimskipsmótaröðinni. Þáttakendur voru 85 og gekk mótshald og golf mjög vel þrátt fyrir að aðeins tveimur vikum áður hafi völlurinn verið þakinn ösku. Mikil umræða var í kringum mótið og hvort færa ætti það á annan völl en eftir sérstaka úttekt GSÍ var ákveðið að halda mótið í Eyjum þar sem þrátt fyrir allt var völlurinn í Eyjum í bestu ástandi allra valla landsins á þessum tíma. Talsverð umfjöllun var um völlinn og öskufallið vegna þessa og var hún okkur mjög óhliðholl og varð til þess að lítil heimsókn var af golfurum af fastalandinum í maí og júní.

Stærsta opna mót GV var eins og undanfarin ár Icelandair Volcano Open sem var nú haldið í fimmta skipti í samstarfi við Icelandair sem kom að mótinu með miklum myndarskap sem fyrr. Mótið var haldið goslokahelgina og byrjaði föstudaginn 2. júlí. Keppendur voru um 130 og var skipt í tvo ráshópa, fyrri hópurinn hóf keppni báða dagana fyrir hádegi og seinni ráshópurinn eftir hádegi. Keppt var eins og áður með svokölluðu “shotgun” fyrirkomulag (allir ræstir út í einu). Icelandair Volcano open mótið er komið til að vera sem eitt vinsælasta opna mót sumarsins á landinu öllu og er undirbúningur fyrir mótið á næsta ári þegar hafinn og munnlegt samkomulag liggur fyrir um aðkomu Icelandair að mótinu.

Völlurinn og Golfskálinn



Eins og að framan greinir þá byrjaði sumarið ekki vel fyrir völlinn okkar. Þann 14. maí fengum við mikið öskufall yfir hann vegna eldgossins úr Eyjafjallajökli. Eins og sjá má á myndinni hér að ofan var staðan ekki árennileg fyrst eftir öskufallið og óhætt að segja það að mörgum féllust hendur og á myndinni má vel greina áhyggjusvipinn á varaformanninum. Öskufallið hafði mikil áhrif á starfssemi GV bæði hvað varðar útgjöld og tekjur en askan fór mjög illa með vélar okkar og mannskap. Mikill kostnaður kom til vegna varahluta fyrir vélar og var einn vallarstarfsmanna meira og minna upptekin við almennt viðhald, þrif og viðgerðir á vélum vegna þessa í sumar.

Fyrir sumarið virtist vera mikill áhugi fyrir því að koma til Eyja og spila golf. Í vorbyrjun var mikið hringt og pantað fyrir maí og júní. Sama dag og öskufallið byrjaði voru um 20 kylfingar komnir hingað til að spila golf og hafa gaman í þrjá daga, en þurftu frá að hverfa eftir að hafa náð tæpum einum hring. Í kjölfarið afpöntuðu eða seinkuðu aðrir hópar komum sínum til Eyja. Segja má að tap klúbbsins vegna öskufallsins þ.e. tapaðar tekjur og aukin útgjöld liggja á bilinu 5 – 10 milljónir króna.

Viku eftir öskufallið vorum við með stigamót eldri kylfinga á vellinum okkar og svo hálfum mánuði seinna vorum við með stigamót á Eimskipsmótaröðinni og fengum við mjög ósanngjarna umfjöllun eftir þau mót og það hjálpaði ekki til í markaðssetningunni en auk þess voru flugsamgöngur til og frá Eyjum „lamaðar“ framan af sumri.

Í sumar voru nokkrar glompur lagfærðar með grashleðslum, rauðir teigar við 10 og 12 brautir voru stækkaðir og dren sett á 14. braut auk ýmissa smærri lagfæringa á velli. Keyptur var notaður údarabíll sem á að eftir að koma sér vel fyrir völlinn. Með tækinu er fljótandi áburði, eiturefnum, litarefnum ofl úðað á völlinn, á mun nákvæmari hátt, en með gamla laginu. Þetta gerir völlinn vonandi fallagri og einnig er fljótandi áburður ódýrari en kornaáburður.

Tækjageymslan er langt komin og sér fyrir lok á frágangi við hana en nú er byrjað að einangra hana og klæða og næstu verkefni eru að klára plan fyrir framan og einnig á eftir að klára starfsmannaáðstöðuna þar. Tækjageymslan er bylting fyrir geymslu og umhirðu á tækjum okkar og tólum auk þess sem þar verður góð aðstaða fyrir starfsmenn okkar á vellinum. Heildarkostnaður við tækjageymsluna verður nálægt 30 milljónum króna og verða 24 milljónir af því greiddar af GV en bærinn styrkti framkvæmdina um 6 milljónir.

Í vetur var rifinn niður veggur milli salar og golfhermis, við það stækkaði salurinn um ca 80 fermetra og komum við nú, með góðu móti, 200 manns í sæti fyrir veislur og mannfagnaði. Keyptar voru gardínur fyrir salinn og efri hæð, einnig var keypt hljóðflutningskerfi, parket var slípað upp og lakkað, skipt var um teppi á sal auk ýmissa fleiri lagfæringa. Fjárfest var í nýju bókhaldskerfi og verslunarkassa sem tengdur er við bókhaldskerfið.

Síðastliðnar vikur hefur verið unnið að lagfæringum á skálanum að utanverðu m.a. hafa gluggar og hurðir verið yfirfarin sem og þak og rennur verið lagað

Þrátt fyrir eina fjölmennustu þjóðhátíð sem haldin hefur verið hingað til, má segja að öll umgengni og frágangur hafi verið með nokkuð góðu móti. Í ársbyrjun var skipaður samráðshópur milli GV og þjóðhátíðarnefndar, af hálfu GV var lögð rík áhersla á það að tjöldun á velli hæfist ekki fyrr en á fimmtudeginum og að öll tjöld yrðu farin af golfvelli á mánudeginum og svæðinu skilað vel hreinsuðu og kláru til golfsleiks á þriðjudeginum og að svæðið yrði einnig hreinsað þjóðhátíðardagana. Einnig var lögð rík áhersla á betra skipulag og eftirlit með svæðinu yfir hátíðardagan. Haraldur Óskarsson varaformaður GV og Guðjón Gunnsteinsson frá þjóðhátíðarnefnd sáu að mestu um samskipti vegna þessa og náðust flest markmið sem lagt var upp með þó alltaf megi gera betur. Þá veldur það áhyggjum hvernig svæðið myndi fara, með svo miklum fjölda, ef blautt verður í veðri dagana fyrir þjóðhátíð.

Unglinga og afreksstarf



Unglinga og afreksstarf var mikilvægur þáttur í starfi klúbbsins sem fyrr.

Karlasveit GV keppti í 1. deild og fór keppnin fram í Hafnarfirði. Sveit GV endaði í sjötta sæti og keppir því áfram í fyrstu deild á næsta ári. Sveitina skipuðu eftirtaldir aðilar: Liðsstjórar: Haraldur Óskarsson og Sigurður Bragason, keppendur Júlíus Hallgrímsson, Örlygur Helgi Grímsson, Gunnar Geir Gústafsson, Karl Haraldsson, Þorsteinn Hallgrímsson, Hallgrímur Júlíusson, Sveinn Sigurðsson og Rúnar Þór Karlsson.

Öldungasveit karla keppti í Sveitakeppni sem haldin var á Akureyri í ágústmánuði en vann ekki til afreka.

Magnús Þórarinsson hefur verið duglegur að sækja stigamót á öldungamótaröðinni og munaði hársbreidd að hann næði að tryggja sér landsliðssæti í sumar. Magnúst stendur vel á mótaröðinni sem hafin er og vonandi nær hann að tryggja sér sæti í landsliði næsta sumar.

Unglingar okkar æfðu af kappi í sumar eins og undanfarin ár. Árangur þeirra hefur verið góður og sjást merki um miklar framfarir og er hópurinn orðinn breiðari. Eins og sl tvö ár hefur Hallgrímur Júlíusson jr verið þar fremstur meðal jafningja. Hallgrímur er eini kylfingur GV sem tekur þátt í öllum stiga-og íslandsmótum GSÍ í sínum aldursflokki,sem og öðrum þeim stigamótum sem hann hefur tækifæri til að taka þátt í, hann er í landsliðshópi GSÍ. Sveinn Sigurðsson og Hallgrímur kepptu fyrir hönd GV í Hafnarfirði í sveitakeppni GSÍ 1.deild.

Golfskóli Sparisjóðsins starfaði eins og undanfarin ár og gekk mjög vel. Þátttakendur voru rúmlega 80 og ánægjulegt að sjá hversu öflugur golfskólinn er orðinn. Eins og sl.sumar var nemendum skipt í aldursflokka og æfa þau 1,5 klst á dag 4 daga vikunnar í Júní og júlí.

Auk Karls Haraldssonar IPGA kennara störfuðu við skólann þau Elísa Viðardóttir , Hallgrímur Júlíusson, Sveinn Sigurðsson og Sigríður Lára Garðarsdóttir.

Félagsstarf, félagaping



Í byrjun maímánaðar fóru rúmlega 20 félagsmenn í skotlandsferð sem skipulögð var af þeim bræðrum Haraldi og Herði Óskarssonum og skósveini þeirra Gunnlaugi Grettissyni. Ferðin tókst afar vel og erum við nú byrjaðir í viðræðum við klúbb okkar ástkæra Stephens Schofield um vinarklúbbasamstarf.

Haldið var félagaping í byrjun árs. Um fimmtán félagsmenn mættu og eins og á fyrri félagapingum skiptu menn sér í umræðuhópa. Góð og gagnleg umræða fór fram um það sem vel er gert ekki síður en það sem betur má fara í starfi GV. Helstu punktar frá félagapinginu voru:

Golfvöllur: Halda ber áfram með lagfæringar á velli, ss stækkun teiga og þá sérstaklega 17 teig þarf að þrefalda í norður, þannig yrði líka komið til móts við höggstutta kylfinga, halda áfram að hlaða glompur, lagfæring á göngustígum, auk smærri lagfæringa og aukinnar snyrtimennsku við slátt og alla umhirðu á velli og umhverfi hans.

Mótahald-félagsstarf: Talin þörf á því að bæta umgjörð og framkvæmd á mótahaldi klúbbsins, verðlaun þarf að bæta og auka þarf fjölbreytni móta sem vonandi hefði jákvæð áhrif á félagsstarfið.

Veitingasala: Stafsemi í veitingasölu þarf að byrja fyrir um vorið og standa lengur fram á haustið og opið þarf að vera lengur yfir daginn.

Til að lagfæra framkvæmd móta var talin þörf á því að setja lágmarksfjölda keppenda í mót og þá miðað við að lágmark 30 keppendur væru skráðir til leiks kvöldið fyrir mótisdag.

Einnig var talin þörf á því að fjölga innanfélagsmótum og auka fjölbreytni móta.

Við gerð kappleikjaskrár var ákveði að halda 2 innanfélagsmót það fyrri í maí **4x9 holu mót** og annað í júní **karlremba**. Hvorugt þessara móta var haldið annað féll niður vegna öskufalls og karlremban féll niður þar sem fjöldi þátttakenda náði ekki 30.

Segja má að öskufallið í maí hafi haft mikil áhrif á mótahald GV í sumar en þrátt fyrir það héldum við svipuðum fjölda móta og þátttakenda frá því árið á undan.

GV er í vinarklúbbasamstarfi við eftirtalda klúbba: Kjöl Mosfellsbæ, Selfoss, Hveragerði, Borgarnes, Mostra Stykkishólmi, Sandgerði, Grindavík, Keflavík, Flúðir, Bakkakot og Hellu. Í flestum tilfellum er um að ræða 50% gagnkvæman afslátt af vallargjöldum.

Fjármál og rekstur



Gjaldkeri mun gera grein fyrir ársreikningi klúbbsins hér á eftir. Daglegur rekstur klúbbsins gekk ágætlega á árinu og hafa tekjur hækkað um 4 % á milli ára, þrátt fyrir áföll vegna eldgoss, eru nú um 46.700.000. Rekstrarkostnaður eykst um 6% aðallega vegna aukins kostnaðar við aðföng, áburð, varahluti, viðgerðir ofl, margt sem tengist öskufallinu. Langtímaskuldir klúbbsins eru í JPY og CHF og hafa lánin lækkað um 1,5 milljónir milli ára og standa nú í c.a. 81 milljón, lánin eru í skilum en ljóst er að heildarskuldir eru of háar og hefur stjórn klúbbsins verið í viðræðum við okkar lánadrottinn, Íslandsbanka um að tryggja eðlilega skuldsetningu og rekstur til framtíðar, vonumst við til að þeim viðræðum ljúki farsælega á næstu mánuðum. Lausafjárstaða GV er ágæt en til eru í dag um 4 milljónir króna í lausu fé.

Golfklúbbur Vestmannaeyja á sinn völl og öll sín mannvirki og tæki og hefur séð um alla uppbyggingu mannvirkja, tækja og golfvallarins auk alls viðhalds og reksturs í gegnum eigin reikning en hefur fengið framkvæmda og rekstrarstyrk frá Vestmannaeyjabæ. Er þetta ólíkt því sem aðrar íþróttagreinar búa við í Eyjum þar sem Vestmannaeyjabær er eigandi nær allra annarra íþróttamannvirkja, greiðir fyrri nýframkvæmdir og sér um rekstur. Vestmannaeyjabær hefur farið í miklar framkvæmdir við íþróttamannvirki á síðustu árum m.a. nýtt íþróttahús, knattspyrnuhús og endurbætur á sundlaug sem nýst hefur flestum íþróttagreinum í Eyjum og er það hið besta mál. Ýmsar framkvæmdir við golfvöllinn og æfingavæði eru nauðsynlegar á næstu misserum viljum við halda okkar áfram á meðal bestu golfvalla. Það er ekki ósanngjörn krafa golfara og annarra sem njóta góðs af golvellinum eins og ferðaþjónustunnar að næstu framkvæmdir við íþróttamannvirki, sem styrktar verða af Vestmannaeyjabæ, verði við golfvöllinn.

Í rúm 70 ár hafa Eyjamenn rekið hér félagslega sterkan golfklúbb og verið í forystusveit golfklúbba landsins frá upphafi, en við erum þriðji elsti golfklúbbur hér á landi. Völlurinn hefur verið í hópi bestu keppnisvalla og státum við af elstu golfholum Íslands. Hér hefur verið rík hefð og krafa fyrir því að völlurinn okkar standi þeim bestu ekki að baki hvað gæði varðar og hér er einnig krafa um glæsileg golfmót með flottum verðlaunum.

Við höfum undanfarin ár verið með árgjöldin eins lág og frekast er unnt og samkvæmt samanburðartöflu hér að neðan, þá eru árgjöld GV árið 2010 rúmlega 17.000 kr. undir

meðaltali þeirra klúbba sem við berum okkur saman við hvað gæði og umfang starfseminnar varðar.

Í gegnum tíðina hefur sjálfboðastarf félagsmanna GV við nánast allar framkvæmdir á velli og húsakosti klúbbsins sem og við mótahald gert okkur kleift að halda árgjöldum svo lágum. En undanfarin ár hefur þeim sem gefa kost á sér til sjálboðaliðavinnu farið verulega fækkandi og sl. Ca. 5 ár eru þeir aðeins c.a. 15 sem mæta á aulýsta vinnudaga (oftast þeir sömu) og því er orðið meira um keypta vinnu við framkvæmdir á vegum GV. Þetta þurfum við að bæta.

Samanburður árgjalda hjá klúbbum sem sjá um rekstur á sínum völlum sjálfir 2009

	Árgjald	Vallargjald	Nýliðagjald	Öldungagj.	14-17 ára	13.ára yngri
GA	56.000	3.900	35.000	35.000	28.000	20.000
GS	59.000	5.000	45.000	32.000	32.000	27.000
Kjölur	70.000	4.800	70.000	45.000	38.000	32.000
GR,	75.000	7.500	125.000	37.500	37.500	26.500
GK	73.000	5.500	107.000	49.000	38.000	31.500
GKG	75.000	5.500	75.000	49.000	41.400	27.600
GO	81.000	6.800	106.000	53.000	24.000	24.000
GV	50.000	4.000	30.000	25.000	20.000	20.000
Meðaltal	67.375	5.375	74.125	40.688	32.363	26.075
GV undir						
Meðaltali	17.375	1.375	44.125	15.688	12.363	6.075

Nauðsynlegt er að auka tekjururnar til að standa undir þeim rekstri sem Golfklúbbur Vestmannaeyja stendur fyrir. Eitt af hlutverkum stjórnar er að leggja fyrir aðalfund tillögu að árgjöldum fyrir næst starfsár.

Gerð er tillaga um að meðaltali 5% hækkun árgjalda en að nýliðagjöld, unglingsgjöld og aukaaðildargjöld (sumargjöld) verði óbreytt.

Skipting félagsmanna	Gjaldskrá 2010	Tillaga um breytingu 2011
Fullt gjald	50,000,-	53.000,-
Hjón *2	90,000,-	95.000,-
70.ára +	25,000,-	26.500,-
NL.gj. 1ár	30,000,-	30.000,-
NL.gj. 2.ár	30,000,-	30.000,-
Nemagj.	30,000,-	30.000,-
Aukaaðild	30,000,-	30.000,-
14-18 ára	20,000,-	20.000,-
13 ára og yngri	20,000,-	20.000,-

Samkvæmt samþykkt síðasta aðalfundar eru hjónum veittur 10% afsláttur af fullu gjaldi og 70 ára og eldri fá 50% afslátt frá fullu gjaldi.

Þrátt fyrir þessar hækkunir mun GV vera áfram með lægstu árgjöld þeirra klúbba sem við berum okkur saman við.

Að lokum



Þann 29.júní sl fengum við Heimsókn erlendra golfferðaaðila erlendis frá á vegum Golf Iceland og í kjölfarið var mjög góð umfjöllun um völlinn

Bakkafjöruhöfn var tekin í gagnið 21 júlí sl og gekk vel framan af sumri og sáum við þá strax hvað tilkoma hennar gæti haft mikil áhrif á starfsemi og rekstur Golfklúbbs Vestmannaeyja. Fram að þjóðhátíð og að afloknum brottflutningi þjóðhátíðargesta sáum við miklar breytingar á gestakomu. Rástímaskráning á golf.is var tekin upp þann 10 ágúst og fram að mánaðarmótum ágúst- sept eru skráðar heimsóknir 806 kylfinga utan GV og 594 félagsmanna að auki 153 í mót. Í september var mjög lítið um heimsóknir enda veður leiðinlegt mest allann mánuðinn og siglingar í Landeyjahöfn féllu niður. Töuðum við nokkrum stórum hópum og tekjum vegna þessa. Félagsmenn tóku því vel að þurfa að panta tíma á völlinn í ágúst. Þess má geta að margir af gestum okkar í ágúst eru félagsmenn vinaklúbba okkar og eru því aðeins að greiða hálf gald.

Seld vallargjöld í sumar voru eftirfarandi (afrúnaðar tölur):

Sept – okt	200 þúsund
10-31 ágúst	2 miljónir
Júlí rúml	1 miljón
Júní rúm	800 þúsund
Mái rúml	200 þúsund

Það er því tilhlökkunarefni að takast á við næsta sumar, völlurinn okkar er fyrstur til á vorin og ættum við því að geta byrjað af krafti strax í apríl ef veður verða góð og Landeyjahöfn opin.

Eins og undanfarin ár verður framkvæmdastjóri í 50% starfshlutfalli í vetur og verður skrifstofa opin virka daga frá 14.00 – 16.00.

Ég vil að lokum þakka Stjórn, félagsmönnum, starfsmönnum og öðrum þeim sem komu að starfi klúbbsins fyrir þeirra starf fyrir hönd klúbbsins.

Vestmannaeyjum 18. nóv. 2010
f.h. stjórnar.
Helgi Bragason, formaður

GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



REKSTRAR OG EFNAHAGSREIKNINGUR

01.11.2009 - 31.10.2010

ÁRITUN STJÓRNAR

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Golfklúbbs Vestmannaeyja koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu klúbbsins í lok reikningsárs 31. október 2010, reksrarreikningi 1. nóvember 2009 – 31. október 2010 og fjárhagslegri þróun tímabilsins.

Tap að fjárhæð kr. 408,547.- var af rekstri Golfklúbbsins á árinu 2009-2010 og er sú fjárhæð færð til lækkunar á óraðstöfuðu eigið fé frá fyrra ári.


Í lok rekstrarársins er eigið fé kr. 91,289,807.-

Innréttingar, vélar og áhöld eru afskrifuð um 15% ári og fasteign um 3%


Stjórn, varastjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbs Vestmannaeyja staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2009 til 31. október 2010 með undirritun sinni.


Vestmannaeyjum 18. nóvember 2010

Í stjórn


Helgi Bragason


Haraldur Óskarsson


Ragnar Baldvinsson


Flöður Óskarsson


Böðvar Bergþórsson

Sigurjón Pálsson


Jón Arni Ólafsson

Framkvæmdastjóri


Elsa Valgeirsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR 2009 - 2010

FRÁ 01/11/09 TIL 31/10/10

<u>Rekstartekjur</u>		<u>2010</u>	<u>2009</u>
Söluverðmæti.....	kr.	9.461.614	7.884.148
Leiga á golfvelli.....	kr.	24.085.168	20.696.330
Framlög og styrkir.....	kr.	13.128.830	16.073.916
Rekstrartekjur alls	kr.	46.675.612	44.654.394
<u>Rekstrarkostnaður</u>			
Vörunotkun.....	kr.	7.300.544	5.720.027
Laun og launatengd gjöld.....	kr.	18.983.928	16.110.427
Almennur rekstrarkostnaður.....	kr.	15.706.508	13.625.286
Fyrningar.....	kr.	4.236.038	4.118.434
Rekstrarkostnaður alls	kr.	46.227.018	39.574.174
Hagnaður fyrir vexti		448.594	5.080.220
<u>Fjármunatekjur og gjöld</u>			
Vaxtatekjur	kr.	378.371	1.115.805
Vaxtagjöld og verðbætur.....	kr.	-2.785.254	-4.001.986
Gengismunur og verðbætur.....	kr.	1.549.742	-9.633.978
Fjármunatekjur og gjöld alls	kr.	-857.141	-12.520.159
<u>Aðrar tekjur</u>			
Framkvæmdastyrkur Vestmannaeyjabæjar	kr.	0	4.000.000
Aðrar tekjur alls	kr.	0	0
Hagnaður ársins	kr.	-408.547	-3.439.939

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. október 2010

EIGNIR

2010

2009

Veltufjármunir:

Sjóðir og bankainnistæður.....	kr.	4.393.348	6.849.771
Viðskiptamenn.....	kr.	7.627.586	7.309.346
Euró.....	kr.	98.730	69.860
Vísa.....	kr.	63.760	40.820
Óinnheimtir vextir.....	kr.	0	135.000
Virðisaukaskattur.....	kr.	49.680	0
Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja	kr.	800.000	800.000
Vörubirgðir.....	kr.	350.000	350.000
Veltufjármunir alls	kr.	13.383.104	15.554.797

Fastafjármunir:

Innréttingar.....	kr.	3.163.199	3.357.746
Vélar - Golfvöllur.....	kr.	100.129.305	99.416.830
Fasteign.....	kr.	61.119.734	60.272.482
Fastafjármunir alls	kr.	164.412.238	163.047.058

EIGNIR SAMTALS	kr.	177.795.342	178.601.855
-----------------------------	------------	--------------------	--------------------

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

Skammtímaskuldir:

		2010	2009
Skuldir við bankastofnanir.....	kr.	0	1.226.611
Ógreiddir áfallnir vextir.....	kr.	108.573	110.576
Ógreiddar viðskiptaskuldir.....	kr.	4.322.385	1.971.675
Virðisaukaskattur.....	kr.	0	31.170
Næsta árs afborganir langtímalána.....	kr.	4.715.131	0
Ógreitt vegna starfsfólks.....	kr.	493.421	432.571
Skammtímaskuldir alls	kr.	9.639.510	3.722.603

Langtímaskuldir:

Íslandsbanki Nr. 855010 í JPY.....	kr.	17.923.801	17.662.337
Íslandsbanki Nr. 855011 í JPY.....	kr.	17.059.643	16.810.786
Íslandsbanki Nr. 855012 í JPY.....	kr.	17.059.643	16.810.786
Íslandsbanki Nr. 856280 í CHF.....	kr.	11.500.491	12.399.458
Íslandsbanki Nr. 851865 í CHF.....	kr.	18.037.578	19.447.531
	kr.	81.581.156	83.130.898
Næsta árs afborganir langtímalána.....	kr.	4.715.131	0
Langtímaskuldir alls	kr.	76.866.025	83.130.898

		86.505.535	86.853.501
--	--	-------------------	-------------------

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári.....	kr.	91.698.354	95.782.874
Leiðrétt frá fyrra ári og endurmat eigna.....	kr.	0	-644.581
Hagnaður (- tap) ársins.....	kr.	-408.547	-3.389.939
Annað eigið fé alls	kr.	91.289.807	91.748.354

		91.289.807	91.748.354
--	--	-------------------	-------------------

		177.795.342	178.601.855
--	--	--------------------	--------------------

ÁRITUN

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur Golfklúbbs Vestmannaeyja, höfum endurskoðað ársreikning þennan fyrir rekstrartímabilið 1. nóvember 2009 til 31. október 2010 og ekkert fundið athugavert.

Við höfum sannreynt bankainnistæður og yfirfarið uppreikning erlendra lána og stemma þessir liðir ársreikningsins.

Með tilliti til góðrar endurskoðunarvenju teljum við ársreikning þennan gefa glögga mynd af rekstri Golfklúbbs Vestmannaeyja fyrir tímabilið 1. nóvember 2009 til 31. október 2010 og efnahag klúbbsins 31. okt. 2010.

Vestmannaeyjum 18. nóvember 2010



Gunnar Gunnarsson



Gísli Jónasson

MINNINGASJÓÐUR UM GUNNLAUG AXELSSON



REKSTRAR OG EFNAHAGSREIKNINGUR

01.11.2009 - 31.10.2010

REKSTRARREIKNINGUR 2009 - 2010

FRÁ 01/11/09 TIL 31/10/10

<u>Rekstartekjur</u>		2010	2009
Vextir.....	kr.	87.163	132.474
	kr.		
Rekstrartekjur alls	kr.	87.163	132.474
<u>Rekstarkostnaður</u>			
Styrkur til undlinga og afreksstarfs		0	50.000
Fjármagnstekjuskattur.....	kr.	10.018	13.247
Rekstrarkostnaður alls	kr.	10.018	63.247
Hagnaður ársins	kr.	77.145	69.227

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. október 2010

<u>EIGNIR</u>		2010	2009
<u>Veltufjármunir:</u>			
Glitnir - 582-14-101191.....	kr.	1.085.623	1.058.478
Aðrar kröfur.....	kr.	0	0
Veltufjármunir alls	kr.	1.085.623	1.058.478
EIGNIR SAMTALS	kr.	1.085.623	1.058.478

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

<u>Skuldir</u>			
Ógreiddur afreksstyrkur	kr.	0	50.000
	kr.	0	50.000
<u>Eigið fé</u>		2010	2009
Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári.....	kr.	1.008.478	939.251
Tekjuafgangur ársins.....	kr.	77.145	69.227
Eigið fé alls	kr.	1.085.623	1.008.478
Skuldir og eigið fé alls	kr.	1.085.623	1.058.478

GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



REKSTRAR OG EFNAHAGSREIKNINGUR

2005 -2010

EFNAHAGSREIKNINGUR 2005 - 2010

<u>EIGNIR</u>	2010	2009	2008	2007	2006	2005
<i>Veltufjármunir:</i>						
Sjóðir og bankainnistæður..... kr.	4.393.348	6.849.771	17.030.965	13.558.235	10.495.238	5.889.730
Víðskiptamenn..... kr.	7.627.586	7.309.346	2.229.922	2.709.422	2.671.868	2.340.353
Euró..... kr.	98.730	69.860	17.100	10.900	25.280	34.765
Vísa..... kr.	63.760	40.820	24.330	15.450	17.110	25.600
Óinnheimtir vextir..... kr.	0	135.000	710.000	1.490.000	80.925	228.461
Virðisaukaskattur..... kr.	49.680	0	69.890	32.877	30.603	157.823
Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja	kr. 800.000	800.000	800.000			
Vörubirgðir..... kr.	350.000	350.000	350.000	350.000	350.000	350.000
<i>Veltufjármunir alls</i> kr.	13.383.104	15.554.797	21.232.207	18.166.884	13.671.024	9.026.732
<i>Fastafjármunir:</i>						
Innréttingar..... kr.	3.163.199	3.357.746	3.950.289	3.367.398	3.961.645	4.021.722
Vélar - Golfvöllur..... kr.	100.129.305	99.416.830	99.828.624	99.514.693	100.080.243	98.035.928
Fasteign..... kr.	61.119.734	60.272.482	55.604.183	48.015.000	49.500.000	48.503.000
<i>Fastafjármunir alls</i> kr.	164.412.238	163.047.058	159.383.096	150.897.091	153.541.888	150.560.650
<i>EIGNIR SAMTALS</i>	kr. 177.795.342	178.601.855	180.615.303	169.063.975	167.212.912	159.587.382

EFNAHAGSREIKNINGUR 2005 - 2010

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

Skammtímaskuldir:	2010	2009	2008	2007	2006	2005
Skuldir við bankastofnanir kr.	0	1.226.611	6.582.059	8.494	472.846	0
Ógreiddir áfallnir vextir..... kr.	108.573	110.576	186.510	60.957	58.754	50.512
Ógreiddar viðskiptaskuldir..... kr.	4.322.385	1.971.675	4.147.538	3.509.262	1.988.429	1.734.257
Virðisaukaskattur..... kr.	0	31.170	0	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímalána... kr.	4.715.131	0	4.715.131	2.106.605	2.387.627	0
Ógreitt vegna starfsfólks..... kr.	493.421	432.571	419.402	584.189	722.690	301.146
Skammtímaskuldir alls kr.	9.639.510	3.772.603	16.050.640	6.269.507	5.630.346	2.085.915

Langtímaskuldir:

Sparisjóður Vestmannaeyja	0		0	0	0	0
Íslandsbanki Nr. 865402 í EUR.... kr.	0		0	0	0	0
Íslandsbanki Nr. 865409 í JPY..... kr.	17.923.801	17.662.337	15.940.286	6.723.359	7.973.922	7.252.642
Íslandsbanki Nr. 865410 í JPY..... kr.	17.059.643	16.810.786	15.171.752	6.399.204	7.589.472	6.902.967
Íslandsbanki Nr. 865411 í JPY..... kr.	17.059.643	16.810.786	15.171.752	6.399.204	7.589.472	6.902.967
Íslandsbanki Nr. 865855 í USA.... kr.	0		0	0	0	0
Íslandsbanki Nr. 866252 í CHF.... kr.	11.500.491	12.399.458	10.593.437	5.235.035	5.896.816	5.150.410
Íslandsbanki Nr. 866671 í CHF.... kr.	18.037.578	19.447.531	16.619.693	8.210.721	9.152.359	0
Íslandsbanki Nr. 888888 - NVT..... kr.	0		0	0	0	7.698.347
Kaupþing - Nr. 846..... kr.	0		0	0	0	0
Kaupþing - Nr. 847..... kr.	0		0	0	0	0
	kr. 81.581.156	83.130.898	73.496.920	32.967.523	38.202.041	33.907.333
Næsta árs afborganir langtímalána... kr.	4.715.131		4.715.131	2.106.605	2.387.627	0
Langtímaskuldir alls kr.	76.866.025	83.130.898	68.781.789	30.860.918	35.814.414	33.907.333
			0			
			0			
Skuldir alls kr.	86.505.535	86.903.501	84.832.429	37.130.425	41.444.760	35.993.248

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári..... kr.	91.698.354	95.782.874	131.933.550	125.768.152	123.594.134	106.417.374
Leiðrétt frá fyrra ári og endurmat eigi kr.	0	-644.581	0	-257.022	405.854	3.077.000
Hagnaður (- tap) ársins..... kr.	-408.547	-3.439.939	-36.150.676	6.422.420	1.768.164	14.099.760
Annað eigið fé alls kr.	91.289.807	91.698.354	95.782.874	131.933.550	125.768.152	123.594.134
Eigið fé alls kr.	91.289.807	91.698.354	95.782.874	131.933.550	125.768.152	123.594.134

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS kr.	177.795.342	178.601.855	180.615.303	169.063.975	167.212.912	159.587.382
--	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------

